



3. útgáfa 08.11.2019

# Öryggisblað (SDS)

Samkvæmt reglugerð Nr. 888/2015 (EB reglugerð 1907/2006 REACH)

## 1. Auðkenning efnisins eða blöndunnar og félagsins eða fyrirtækisins

### 1.1 Vörukenni: **Marine gasolía** **(Marine Distillate Fuel – DMA)**

Vörunúmer: -

### 1.2 Viðeigandi og tilgreind notkun efnis eða blöndu og notkun sem ráðið er frá:

Viðeigandi notkun Eldsneyti.  
Notkun sem ráðið er frá Engar upplýsingar fyrirbyggjandi.

1.3 Söluaðili:	<b>N1</b> Dalvegur 10-14 201 Kópavogur 440 1000 Sími: Netfang: <a href="mailto:n1@n1.is">n1@n1.is</a> Veffang: <a href="http://www.n1.is">www.n1.is</a>	<b>Framleiðandi:</b> Equinor ASA Forusbeen 50 N-4035, Stavanger, Noregi 00-47-56-34-40-00 <a href="mailto:chem@equinor.com">chem@equinor.com</a> <a href="http://www.equinor.com">www.equinor.com</a>
----------------	---	---

1.4 Neyðarsímanúmer: Eitrunarmiðstöð LSH veitir upplýsingar allan sólarhringinn um viðbrögð við slysum með hættuleg efni. Sími 543 2222. Neyðarlínan, lögregla, slökkvilið, sjúkraflutningar; sími 112.

## 2. Hættugreining

### 2.1 Flokkun efnisins eða blöndunnar:

Flokkun skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

H226	Eldfímur vökvi og gufa	Eldf.vökvi 3
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg	Eit. v. ásvlg. 1
H315	Veldur húðertingu	Húðert.2
H332	Hættulegt við innöndun	Bráð eit.(innöndun) 4
H350	Getur valdið krabbameini	Krabb.1
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif	SEM-EV 2
H400	Mjög eitrað lífi í vatni	Bráð eit. á vatn.1
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif	Langv. eit. á vatn.1

**Helstu hættur:** Eldfímur vökvi og gufa. Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg. Hættulegt við innöndun. Getur valdið krabbameini. Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif. Veldur húðertingu. Varan myndar lífrænar leysiefnagufur sem geta valdið sljóleika og svima, auk höfuðverks og vímuáhrifa við háan styrk.

### 2.2 Merkingaratriði:

Merking skv. reglugerð EB 1272/2008 (CLP):

Hættumerki



Viðvörunarorð

**HÆTTA**

Hættusetningar

H226	Eldfímur vökvi og gufa
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H332	Hættulegt við innöndun
H350	Getur valdið krabbameini
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

<b>Varnaðarsetningar</b>	P102	Geymist þar sem börn ná ekki til.
	P210	Haldið frá hitagjöfum, neistagjöfum, opnum eldi og heitum flötum. — Reykingar bannaðar.
	P261	Gætið þess að anda ekki inn ryki/reyk/lofttegund/úða/gufu/ýringi.
	P280	Notið hlífðarhanska/hlífðarfatnað/augnhlíf/andlitshlíf.
	P301+P310	EFTIR INNTÖKU: Hringið umsvifalaust í EITRUNARMÍÐSTÖÐ eða lækni.
P331	EKKI framkalla uppköst.	
P332+P313	Ef efnið ertir húð: Leitið lækni.	
P501	Fargið innihaldi/íláti hjá viðurkenndri spilliefnamóttöku.	

**Inniheldur** Brennsluolíur, díselolía, Gasolíur (úr jarðolíu), varmasundraðar, brennisteinssneyddar með vetni, Eimi (úr jarðolíu,) brennisteinssneydd með vetni, létt, sundrað með efnahvötum.

### 2.3 Aðrar hættur:

**PBT/vPvB:** Varan inniheldur engin efni sem flokkast sem PBT eða vPvB.  
(**PBT:** Þrávirkt, safnast upp í lífverum, eitrað. **vPvB:** Afar þrávirkt, safnast mjög fyrir í lífverum).

Sjá einnig 11. og 15. lið.

## 3. Samsetning innihaldsefna / upplýsingar um innihaldsefni

**3.1 Efni:** Á ekki við

### 3.2 Blöndur:

<b>Brennsluolíur, díselolía</b>			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119484664-27-0019	Innihald %	50 - 60
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	269-822-7	H-setningar	-
CAS	68334-30-5	Flokkun, hættumerking	-
<b>Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)</b>			
Eldf.vökvi 3 - <b>H226</b> , Eit.v.ásvelg.1 - <b>H304</b> , Húðert.2 - <b>H315</b> , Bráð eit.4 - <b>H332</b> , Krabb.2 - <b>H351</b> , SEM-EV 2 - <b>H373</b> , Langv.eit.á vatn.2 - <b>H411</b>			

<b>Gasolíur (úr jarðolíu), varmasundraðar, brennisteinssneyddar með vetni</b>			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119475512-39-0002	Innihald %	20 - 30
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	295-411-7	H-setningar	-
CAS	92045-29-9	Flokkun, hættumerking	-
<b>Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)</b>			
Eldf.vökvi 3 - <b>H226</b> , Eit.v.ásvelg.1 - <b>H304</b> , Húðert.2 - <b>H315</b> , Bráð eit.4 - <b>H332</b> , Krabb.1 - <b>H350</b> , SEM-EV 2 - <b>H373</b> , Bráð eit.á vatn 1 - <b>H400</b> , Langv.eit.á vatn.1 - <b>H410</b>			

<b>Eimi (úr jarðolíu,) brennisteinssneydd með vetni, létt, sundrað með efnahvötum</b>			
Skráningarnúmer ECHA	01-2119485816-23-0001	Innihald %	10 - 20
Raðnúmer	-	Varnaðarmerki:	-
EINECS, ELINECS	269-781-5	H-setningar	-
CAS	68333-25-5	Flokkun, hættumerking	-
<b>Hættuflokkun/Hættusetningar (CLP)</b>			
Eldf.vökvi 3 - <b>H226</b> , Eit.v.ásvelg.1 - <b>H304</b> , Húðert.2 - <b>H315</b> , Bráð eit.4 - <b>H332</b> , Krabb.1B - <b>H351</b> , SEM-EV 2 - <b>H373</b> , Bráð eit.á vatn 1 - <b>H400</b> , Langv.eit.á vatn.2 - <b>H411</b>			

Sjá texta H-setninga í 16. lið. Sjá flokkun efnisins í 2. lið.

## 4. Ráðstafanir í skyndihjálpi

### 4.1 Lýsing á ráðstöfunum í skyndihjálpi:

<b>Almennt</b>	Kannið öndun og önnur einkenni á hinum slasaða. Tryggið að öndunarvegur sé opin. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum og undir eftirliti. Leitið lækni/bráðamóttöku, ef vafi er um ástand hins slasaða. Við meðvitundarleysi skal leggja í læsta hlíðarlegu og leita lækni. Þjálfað starfslið gefi súrefni, ef nauðsyn krefur. Sýnið öryggisblaðið.
<b>Innöndun</b>	Tryggið ferskt loft. Haldið hinum slasaða rólegum og heitum. Veitið öndunaraðstoð, reynist það nauðsynlegt. Leitið lækni hverfi óþægindi ekki fljótlega.
<b>Snerting við húð</b>	Hreinsið húð vandlega með sápu og miklu vatni. Fjarlægið mengaðan fatnað og skó og hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega.
<b>Snerting við augu</b>	Skolið strax með miklu vatni í a.m.k. 15. mín. og haldið augum vel opnum. Leitið lækni ef einkenni hverfa ekki fljótlega. Fjarlægið augnlinsur fyrir skolon.

<b>Inntaka</b>	Gefið strax 1-2 mjólkur- eða vatnsglös að drekka í litlum skömmtum, sé hinn slasaði með fullri meðvitund. Framkallið EKKI uppköst. Kastu hinn slasaði upp, haldið höfði lágt þannig að efnið berist ekki í lungu. Leitið strax lækni eða eitrunarmiðstöðvar.
<b>Bruni</b>	Skolið með vatni þar til dregur úr verkjum. Fjarlægið fatnað sem ekki er fastur við húð. Leitið lækni eða bráðamóttöku. Haldið áfram skolun þar til hinn slasaði kemst undir læknishendur.
<b>Til hjálparliða</b>	Gætið ávallt að eigin öryggi þegar um er að ræða váhrif af völdum efnavara. Notið persónuhlífar. Hreinsið húð þegar hjálparstarfi er lokið.

#### 4.2 Helstu skaðleg einkenni og áhrif, bæði bráð og tafin:

Hættulegt við innöndun. Getur reynst banvænt við ásvellingu í lungu. Getur valdið krabbameini. Ertir húð, getur valdið roða. Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif. Varan myndar lífrænar leysiefnagufur sem geta valdið sljóleika og svima, auk höfuðverks og vímuáhrifa við háan styrk.

#### 4.3 Upplýsingar um tafarlausa læknumönun og sérstaka meðferð sem þörf er á:

Meðferð sé samkvæmt einkennum.

### 5. Ráðstafanir vegna slökkviaðgerða

#### 5.1 Slökkvibúnaður:

**Hentugur slökkvibúnaður:** Froða, slökkviduft, vatnsúði. Kælið umbúðir með vatnsúða og/eða fjarlægið af brunasvæði, sé það unnt án áhættu.

**Óhentugur slökkvibúnaður:** Beinn vatnsgeisli, getur orsakað slettur og dreift eldi.

#### 5.2 Sérstakar hættur af völdum efnisins eða blöndunnar:

Við bruna geta myndast reykur, kolefnisoxíð, hálfbrunnin vetniskolefni, og eitraðar og daunillar gufur.

#### 5.3 Ráðgjöf fyrir slökkviliðsmenn:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun reyks og gufu.

Notið sjálfstæðan öndunarbúnað og fullan hlífðarfatnað. Hreinsið upp efni frá slökkvistarfi og mengað vatn skv. 6. lið og fargið skv. 13. lið.

### 6. Ráðstafanir ef efni fer óvart til spillis eða er losað fyrir slysi

#### 6.1 Öryggisráðstafanir fyrir fólk, hlífðarbúnaður og neyðarráðstafanir:

Tryggið góða loftræstingu. Reykið ekki. Forðist innöndun og snertingu við húð og augu.

Rýmið mengað svæði. Fjarlægið eld- og neistagjafa sé það unnt.

Notið viðeigandi persónuhlífar, sér í lagi hanska, og öndunarbúnað, sé þess þörf. Vinnið vindmegin við mengað svæði. Mælt er með notkun efnahelds hlífðarfatnaðar (t.d. skv. EN-368-3).

#### 6.2 Varúðarráðstafanir vegna umhverfisins:

Stöðvið leka og dreifingu sé það unnt án áhættu. Komið í veg fyrir að efnið berist í niðurföll, grunnvatn eða jarðveg. Vara flýtur á vatnsyfirborði.

Tilkynnið Umhverfisstofnun um mengunarslys.

#### 6.3 Aðferðir og efni til afmörkunar og hreinsunar:

Notið óbrennanleg isogsefni svo sem sand, kísilgúr eða jarðveg.

Setjið í þar til gerð, vel merkt og lukt ílát og fargið sbr. 13.lið.

#### 6.4 Tilvísun í aðra liði:

Sjá liði 8. og 13.

### 7. Meðhöndlun og geymsla

#### 7.1 Varúðarráðstafanir um örugga meðhöndlun:

Tryggið góða loftræstingu. Forðist innöndun gufu og snertingu við húð og augu. Reykið ekki.

Geymið fjarri háu hitastigi og eld- og neistagjöfum. Tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar.

Hreinsið hendur í vinnuhléum og þegar vinnu er lokið. Tryggið skýrar merkingar á vinnusvæði.

Framkvæmið áhættumat á vinnustað til að tryggja að vanfærar konur verði ekki fyrir váhrifum.

Geymið vöruna fjarri matvælum og dýrafóðri. Farið úr menguðum fatnaði og hlífðarbúnaði áður en komið er á svæði þar sem matar er neytt eða farið á salerni. Hreinsið vandlega áður en notkun hefst að nýju. Notið viðeigandi persónuhlífar, hanska/klæðnað, augn- og andlitshlífar.

Tryggið aðgang að rennandi vatni og augnskoli á vinnusvæði.

## 7.2 Örugg geymsluskilyrði, þ.m.t. vegna mögulegs ósamrýmanleika:

Geymið í vel luktum upprunalegum umbúðum á köldum, þurrum, vel loftræstum stað með takmörkuðu aðgengi. Geymið fjarri matvælum, dýrafóðri og leikföngum barna. Geymið fjarri sterkum oxurum.

7.3 Sértek, endanleg notkun: Eldsneyti.

## 8. Váhrifavarnir / persónuhlífar

### 8.1 Takmörkunarfæríbreytur:

Vísað er til laga og reglugerða um mengun og loftgæði á vinnustöðum. Gera ætti mengunarmælingar á vinnustað til að tryggja að styrkur mengandi efna sé innan viðmiðunarmarka.

Díselolía (CAS 68334-30-5)					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, ísog/húð (NOAEC)	Skammtíma	DNEL	4300	mg/m3/15m
Atvinnutengt	Fólk, ísog/húð (NOEL)	Langtíma	DNEL	2,9	mg/m3/8klst
Atvinnutengt	Fólk, innöndun (NOAEL)	Langtíma	DNEL	68	mg/m3/8klst
Neytendatengt	Fólk, innöndun (NOAEC)	Skammtíma	DNEL	2600	mg/m3/15m
Neytendatengt	Fólk, innöndun (NOEL)	Langtíma	DNEL	20	mg/m3/24klst
Neytendatengt	Fólk, ísog/húð (NOAEL)	Langtíma	DNEL	1,3	mg/m3/24klst
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,083	mg/l
Umhverfi	matvara		PNEC	300	ppm

Eimi (úr jarðolíu,) brennisteinssneydd með vetni, létt, sundrað með efnahvötum					
Notkunarsvið vöru	Snertileið	Lýsing áhrifa	Mæliaðferð	Gildi	Eining
Atvinnutengt	Fólk, innöndun (NOAEC)	Skammtíma	DNEL	2230	mg/m3/15m
Atvinnutengt	Fólk, innöndun (NOEL)	Langtíma	DNEL	30	mg/m3/8klst
Atvinnutengt	Fólk, ísog/húð (NOAEL)	Langtíma	DNEL	2,4	mg/m3/24klst
Neytendatengt	Fólk, inntaka (NOAEL)	Langtíma	DNEL	1	mg/m3/24klst
Umhverfi	Ferskvatn		PNEC	0,029	mg/l
Umhverfi	matvara		PNEC	17	ppm

DNEL Derived no effect level  
PNEC Predicted no effect concentration

### 8.2 Váhrifavarnir:

#### Tæknileg atriði

Notið einungis á stöðum með fullnægjandi loftræstingu. Notið lokuð kerfi, punktsog eða aðrar aðferðir til að halda styrk efnisins sem lægstum. Sé þetta ekki nægilegt til að halda styrk undir viðmiðunarmörkum, ætti að nota öndunarbúnað. Það á aðeins við séu viðmiðunarmörk gefin upp í þessum lið. Reykið ekki. Tryggið aðgang að sturtu og augnskoli á vinnustað.

Hreinsið húð vandlega eftir meðhöndlun efnavara, áður en nokkurs er neytt, farið er á salerni, og þegar vinnu er hætt. Gætið varúðar þegar farið er úr menguðum fatnaði. Hreinsið mengaðan fatnað vandlega áður en hann er tekinn aftur í notkun. Sjáið til þess að augnaskol og sturtur séu nærri vinnusvæði. Haldið vörunni fjarri matvörum.

#### Persónuhlífar

##### Augnhlífar

##### Húð - hendur

##### Húð - annað

##### Öndunarfæri

##### Umhverfi

Notið hlífðargleraugu af viðurkenndri gerð með hliðarvörn (EN 166).  
Notið viðeigandi, efnaþolna hlífðarhanska t.d. úr nitrílgúmmíi. (EN 374).  
Gegnstreymistími: >8 klst. Skiptið oft um hanska við vinnu með vöruna.  
Mælt er með notkun efnahelds langerma vinnufatnaðar.  
Sé loftræsting ófullnægjandi, eða fari vinnutími með vöruna yfir 10 mín, notið viðurkennda öndunargrímu með síu ætlaða lífrænum gufum (gerð A) (EN 136 -140 - 145). Við langvarandi vinnu með vöruna (>2 klst), skal tryggja fullnægjandi loftræstingu og nota öndunargrímu. Tryggið að losun sé innan leyfðra marka.

## 9. Eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar

### 9.1 Upplýsingar um eðlis- og efnafræðilega grunneiginleika:

Eðlisástand: Vökvi  
Lykt: Einkennandi díselolíulykt  
Litur: Brúnn  
Bræðslumark: -40- +6°C  
Suðumark: 141-500°C

<b>Blossamark:</b>	65°C
<b>Eldfimi:</b>	Varan er brennanleg
<b>Sjálftendrunarmörk í lofti:</b>	>225°C
<b>Gufuþrýstingur:</b>	0,40 (kPa 40°C)
<b>Eðlismassi (15°C):</b>	0,8-1,0 g/cm <sup>3</sup>
<b>Leysni í vatni:</b>	Óleysanlegt
<b>Seigja:</b>	>1,3 mm <sup>2</sup> /s (40°C)

## 9.2 Aðrar upplýsingar:

**Rennslismark:** -40- +6°C

## 10. Stöðugleiki og hvarfgirni

### 10.1 Hvarfgirni:

Hvarfast við sterka oxara.

### 10.2 Efnafræðilegur stöðugleiki:

Stöðugt við venjulegar notkunaraðstæður og skv. leiðbeiningum framleiðanda

### 10.3 Möguleiki á hættulegu efnahvarfi:

Engin þekkt.

### 10.4 Skilyrði sem ber að varast:

Hátt hitastig, eld- og neistagjafir.

### 10.5 Ósamrýmanleg efni:

Sterkir oxarar.

### 10.6 Hættuleg niðurbrotsefni:

Við bruna og niðurbrot geta myndast reykur, kolefnisoxíð og eitraðar og daunillar gufur.

## 11. Eiturefnafræðilegar upplýsingar

### 11.1 Upplýsingar um eiturefnafræðileg áhrif:

#### Bráð eiturhrif:

#### Brennsluólíur, díselolía (CAS 68334-30-5)

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>7600	mg/kg	rotta (OECD 420)	Efnið er ekki flokkunarskylt
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	4300	mg/kg/dag	kanína (OECD 402)	Efnið er ekki flokkunarskylt
Bráð eiturhrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	4,1	mg/L 4klst	rotta (OECD 403)	Hættulegt við innöndun
Húðæting/erting		Ertandi (kanína)		OECD 404	
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt (kanína 24klst)		OECD 405	Efnið er ekki flokkunarskylt
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt (hamstur)		OECD 406	Efnið er ekki flokkunarskylt
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt (rotta 3000 kg/kg)		OECD 475	Efnið er ekki flokkunarskylt
Krabbamein		Getur valdið krabbameini		hús 104 vikur (OECD 45)	Efnið er ekki flokkunarskylt
Eitrun æxlunarfæra, innöndun	NOAEC	Neikvætt	>401 ppm		Efnið er ekki flokkunarskylt
Eitrun æxlunarfæra, ísog um húð	NOAEL	Neikvætt	125 mg/kg/dag		Efnið er ekki flokkunarskylt
Sértæk eiturhrif á marklíffæri (eitt skipti)		Gefur frá sér lífrænar leysiefnagufur, sem geta valdið sljóleika og svima. Getur valdið höfuðverk og eitrunareinkennum í háum styrk.			Rannsóknaniðurstöður liggja ekki fyrir, Efnið er ekki flokkunarskylt
Sértæk eiturhrif á marklíffæri (endurtekin)		Getur valdið skaða á líffærum. Ísog um húð 30 mg/kg/dag (rotta 90d), Innöndun NOAEC >1710 mg/m <sup>3</sup> )			Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
Ásvelgingarhætta		Getur valdið lungnabólgu við inntöku eða uppköst.			

#### Eimi (úr jarðolíu,) brennisteinssneydd með vetni, létt, sundrað með efnahvötum

	Gildi	Niðurstaða	Eining	Dýrateg/Aðferð	Athugasemdir
Bráð eiturhrif, inntaka	LD <sub>50</sub>	>3200	mg/kg	rotta (OECD 401)	Efnið er ekki flokkunarskylt
Bráð eiturhrif, ísog um húð	LD <sub>50</sub>	>2000	mg/kg/dag	kanína (OECD 434)	Efnið er ekki flokkunarskylt
Bráð eiturhrif, innöndun	LC <sub>50</sub>	4,65	mg/L 4klst	rotta (OECD 403)	Hættulegt við innöndun
Húðæting/erting		Ertandi (kanína)		OECD 404	
Alvarlegur augnskaði		Neikvætt (kanína 72klst)		OECD 405	Efnið er ekki flokkunarskylt
Næming, húð eða öndunarfæri		Neikvætt (hamstur)		OECD 406	Efnið er ekki flokkunarskylt
Stökkbreytingar kímfruma		Neikvætt			Efnið er ekki flokkunarskylt
Krabbamein		Getur valdið krabbameini		hús 104 vikur (OECD 45)	Efnið er ekki flokkunarskylt
Eitrun æxlunarfæra	NOAEL	Neikvætt	50 mg/kg/dag	OECD 421	Efnið er ekki flokkunarskylt
Sértæk eiturhrif á marklíffæri (eitt skipti)		Gefur frá sér lífrænar leysiefnagufur, sem geta valdið sljóleika og svima. Getur valdið höfuðverk og eitrunareinkennum í háum styrk.			Rannsóknaniðurstöður liggja ekki fyrir, Efnið er ekki flokkunarskylt
Sértæk eiturhrif á marklíffæri (endurtekin)		Getur valdið skaða á líffærum. 500 mg/kg/dag (rotta 90d), Innöndun NOAEC >1710 mg/m <sup>3</sup> )			Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
Ásvelgingarhætta		Getur valdið lungnabólgu við inntöku eða uppköst.			

## 12. Vistfræðilegar upplýsingar

### 12.1 Eiturhrif: Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif.

Brennsluolíur, díselolía (CAS 68334-30-5)					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LL <sub>50</sub>	21 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EL <sub>50</sub>	68 mg/l	48 klst	Daphnia	
Eiturhrif	IL <sub>50</sub>	22 mg/l	72 klst	Þörungar	(langvinn eiturhrif)
Langvinn eiturhrif	NOEL	0,083 mg/l	14 d	Fiskar	
Langvinn eiturhrif	NOEC	0,21 mg/l	21 d	Daphnia	
Þrávirgni og niðurbrot	Brotnar greiðlega niður, líffræðilega				
Uppsöfnun í lífverum	Getur safnast fyrir í lífríki í vatni				
Dreifanleiki í jarðvegi	Lítill dreifanleiki í jarðvegi og setlögum.				
Mat á PBT / vPvB	Flokkast ekki sem slíkt				

Eimi (úr jarðolíu,) brennisteinssneydd með vatni, létt, sundrað með efnahvötum					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Eiturhrif	LL <sub>50</sub>	0,56 mg/l	96 klst	Fiskar	
Eiturhrif	EL <sub>50</sub>	0,319 mg/l	72 klst	Daphnia	
Eiturhrif	IL <sub>50</sub>	2,6 mg/l	72 klst	Þörungar	(langvinn eiturhrif)
Langvinn eiturhrif	NOEL	0,029 mg/l	14 d	Fiskar	
Langvinn eiturhrif	NOEC	0,053 mg/l	21 d	Daphnia	
Þrávirgni og niðurbrot	Brotnar afar treglega niður, líffræðilega				
Uppsöfnun í lífverum	Getur safnast fyrir í lífríki í vatni LogPow >3,9				
Dreifanleiki í jarðvegi	Lítill dreifanleiki í jarðvegi og setlögum.				
Mat á PBT / vPvB	Flokkast ekki sem slíkt				

Gasolíur (úr jarðolíu), varmasundraðar, brennisteinssneyddar með vatni					
	Gildi	Niðurstaða	Tími	Dýrategund	Aðferð
Þrávirgni og niðurbrot	Brotnar afar treglega niður, líffræðilega				
Uppsöfnun í lífverum	Getur safnast fyrir í lífríki í vatni				
Dreifanleiki í jarðvegi	Lítill dreifanleiki í jarðvegi og setlögum.				
Mat á PBT / vPvB	Flokkast ekki sem slíkt				

## 13. Förgun

### 13.1 Aðferðir við meðhöndlun úrgangs:

**Vara** Farga skal efninu samkvæmt gildandi lögum og reglum. Úrgang af efninu skal merkja vel og koma í spilliefnamóttöku. Tæmið umbúðir vandlega. Hellið ekki í niðurföll.

Skv. reglugerð nr. 1040/2016 yfir spilliefni og annan úrgang er varan í eftirfarandi flokkum:  
13 07 01 (brennsluolíur og díselolía)  
15 02 03 (Íseyg efni, síunarefni, þurrkur og hlífðarfatnaður, annað en tilgreint er í 15 02 02).

**Óhreinar umbúðir** Óhreinar umbúðir skal meðhöndla eins og vöruna sjálfa. Fylgið leiðbeiningum sé ætlunin að hreinsa og endurnýta umbúðir. Athugið að tæmdar umbúðir geta innihaldið efnaleifar.

## 14. Upplýsingar um flutninga

**ADR:**  
**UN Númer** 1202  
**Efnisheiti v. flutninga:** DIESEL FUEL  
**Hættuflokkur:** 3  
**Hættuundirflokkur:** 30  
**Pökkunarflokkur:** III  
**Mengunarhætta:** Já (umbúðir >5 l)  
**Takmörkun v. jarðganga:** D/E

**IATA:**  
**UN Númer** 1202  
**Efnisheiti v. flutninga:** DIESEL FUEL  
**Hættuflokkur:** 3  
**Pökkunarflokkur:** III

Varúðarmerking



**IMDG:**

**UN Númer** 1202  
**Efnisheiti v. flutninga:** DIESEL FUEL  
**Hættuflokkur:** 3  
**Pökkunarflokkur:** III  
**EMS:** F-E, S-E  
**Sjávarmengandi:** Já (umbúðir >5 l, merkt sem MP (Marine pollutant))



## 15. Upplýsingar varðandi regluverk

### 15.1 Sértek ákvæði/löggjöf fyrir efnið eða blönduna vegna öryggis, heilbrigðis og umhverfis:

Varan fellur undir eftirfarandi reglugerðir: 1907/2006 (REACH), 1272/2008 (CLP).  
Íslenskar reglugerðir 888/2015 og 415/2014 (CLP), með síðari breytingum.  
EB reglugerð 2012/18/EU (Seveso tilskipun).

### 15.2 Efnaöryggismat: Efnaöryggismat hefur farið fram á eftirfarandi:

REACH skráningarnúmer	Efnisheiti
01-2119475512-39-0002	Gasolíur (úr jarðolíu), varmasundraðar, brennisteinssneyddar með vetni
01-2119484664-27-0019	Brennsluolíur, díselolía
01-2119485816-23-0001	Eimi (úr jarðolíu,) brennisteinssneydd með vetni, létt, sundrað með efnahvötum

## 16. Aðrar upplýsingar

Tryggið þekkingu starfsmanna á innihaldi þessa öryggisblaðs.

### Texti allra hættusetninga sem vikið er að á þessu öryggisblaði

H226	Eldfímur vökví og gufa
H304	Getur verið banvænt við inntöku ef það kemst í öndunarveg
H315	Veldur húðertingu
H332	Hættulegt við innöndun
H350	Getur valdið krabbameini
H351	Grunað um að valda krabbameini
H373	Getur skaðað líffæri við langvinn eða endurtekin váhrif
H400	Mjög eitrað lífi í vatni
H410	Mjög eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif
H411	Eitrað lífi í vatni, hefur langvinn áhrif

**Útgáfa:** 3  
**Dags:** 08.11.2019

Öryggisblað þetta er þýtt af Gunnari Þórðarsyni efnaverkfræðingi.

Öryggisblað þetta er byggt á þeirri þekkingu sem fyrir liggur á útgáfudegi þess, um möguleg áhrif efnisins á heilsu, öryggi og umhverfi. Það felur ekki í sér neina ábyrgð á efniseiginleikum og á einungis við um vöruna eins og hún kemur frá seljanda. Það er alltaf á ábyrgð notanda vörunnar að nauðsynlegar öryggisráðstafanir séu gerðar og að þær séu í samræmi við gildandi lög og reglugerðir. Notkun vörunnar er á ábyrgð notanda. Atvinnurekendur bera ábyrgð á útgáfu notkunarleiðbeininga sem eiga við þeirra vinnuumhverfi.

**Frumheimild:** **EQUINOR**  
**SAFETY DATA SHEET**  
**GASOIL**  
**Útgáfa:** 09.10.2018 **Útgáfa 2.1.0**  
**Kemur í stað:** 06.05.2015